

REGLUGERÐ

um niðurfellingu reglugerðar nr. 322/1993 um útvíkkun á vernd skv. lögum nr. 78/1993 um vernd svæðislýsinga í hálfleiðurum.

1. gr.

Reglugerð nr. 322/1993 um útvíkkun á vernd skv. lögum nr. 78/1993 um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 8. gr. laga nr. 78/1993 um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. janúar 1996.

Finnur Ingólfsson.

Porkell Helgason.

4. janúar 1996

Nr. 33

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Drangsness 1994-2014, Kaldrananeshreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 4. janúar 1996 staðfest aðalskipulag Drangsness, 1994-2014, Kaldrananeshreppi. Jafnframt fellur úr gildi áður staðfest aðalskipulag frá 12. júlí 1988, sbr. auglýsingu nr. 362 í B-deild Stjórnartíðinda.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.